



19. fundur stjórnar Byggðasafns Árneseinga var haldinn mánudaginn 29. september 2025 kl. 20 á Teams. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:

1. **Starfsáætlun Byggðasafns Árneseinga fyrir 2026.** Samþykkt.
2. **Rekstraráætlun Byggðasafns Árneseinga fyrir 2026.** Safnstjóri lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2026. Jafnframt tölvupóst fjárhaldsmanns Héraðsnefndar Árneseinga með leiðbeiningum um gerð rekstraráætlunar. Launaliður hækkar um 3,5% skv. kjarasamningum. Óskað er eftir 2,7% hækkun framlaga eigenda safnsins vegna kjarasamninga og vísitölubundinna þjónustusamninga sem áhrif hafa á reksturinn. Nokkrir liðir lækka og aðrir standa í stað. Stjórn Byggðasafns Árneseinga samþykkir rekstraráætlunina fyrir sitt leiti. Safnstjóra falið að útbúa rekstraráætlunina með efnahag og sjóðsstreymi.
3. **Bókhald og tengd þjónusta.** Safnstjóri lýsti áhyggjum af því að ekki skuli hafa verið ráðin aðili til að sjá um bókhald og tengda þjónustu. Þetta hefur verið rætt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar og er til skoðunnar þar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 20,30.

Sandra Sigurðardóttir

Þórhildur Dröfn Ingvadóttir

Árni Eiríksson

Lýður Pálsson